

Siglingastofnun Íslands
Sigurður Sigurðarson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2002120050
6150; 9310

Reykjavík, 17. janúar 2003
/ÞFP

Efni: Sjóvörn við Húsavíkurbakka, suður af Haukamýrarlæk, Húsavík. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 11. desember 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð sjóvarnar við Húsavíkurbakka, suður af Haukamýrarlæk, Húsavík, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits bæjarstjórnar Húsavíkur og Náttúruverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnun).

Umsagnir bárust frá bæjarstjórn Húsavíkur með bréfi dags. 10. janúar 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. janúar 2003. Svör bárust frá Siglingastofnun með tölvupósti dags. 15. janúar 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Um er að ræða sjóvörn við Húsavíkurbakka suður af Haukamýrarlæk. Lengd sjóvarnarinnar verður um 150 metrar og efnispörf (kjarni og flokkað grjót) um 2.200 m³. Á svæðinu hefur sjór gengið nokkuð nærri og grafið inn í bakkann og er sjóvörninni ætlað að koma í veg fyrir frekara rof. Lagt er til að sjóvörnin verði með hæð í +5,0 m og því svipuð og í framhaldi af þeirri sjóvörn sem komin er. Fyrirhugað er að taka efni úr Katlanámu.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Bæjarráð Húsavíkur og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu um 150 m langrar sjóvarnar við Húsavíkurbakka suður af Haukamýrarlæk. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er minniháttar viðbót við sjóvörn sem gerð hefur verið við Húsavíkurbakka og mun ekki hafa verulegt rask í för með sér. Umfangsmikið grjótnám fer fram í námu í Kötlum og það magn sem vinna þarf vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar er það lítið að rask af þess völdum verður minniháttar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð sjóvarnar við Húsavíkurbakka, suður af Haukamýrarlæk, á Húsavík, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Húsavíkurbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 17. febrúar 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Húsavíkurbær og Umhverfisstofnun